

Alþingi
Erindi nr. D 139/2813
komudagur 27.5.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og
tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2011

0806521SA GB
Málalykill: 233

56. mál
Efni: Athugasemd vegna frv. til barnaverndarlaga, ~~57.~~ mál

Á fundi félagsþjónustunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 23. maí sl. var fjallað um minnisblað Barnaverndarstofu dags. 13. apríl sl. vegna flutnings verkefna frá sveitarfélögum til ríkis. Um er að ræða tilfærslu á verkefnum sem snúa að vistun barna utan heimilis á stofnun. Jafnframt var rætt um nefndarálit félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, þar sem m.a. kemur fram afstaða nefndarinnar til sömu breytinga.

Í umræddu minnisblaði Barnaverndarstofu koma fram skýrari upplýsingar en áður hafa legið fyrir um kostnað við rekstur vistheimila og meðferðarúrræða sem starfrækt eru á grundvelli barnaverndarlaga. Jafnframt eru þar í fyrsta sinn settar fram útfærðar hugmyndir um gjaldtöku af sveitarfélögum fyrir vistun barna og ungmenna á vistheimilum og fyrir þátttöku í meðferðarúrræðum. Er þar bæði gert ráð fyrir gjaldtöku vegna úrræða sem falla undir 79. gr. barnaverndarlaga og úrræða sem þegar eru á ábyrgð Barnaverndarstofu og sem standa sveitarfélögunum nú að mestu til boða að kostnaðarlausu, t.d. á Stuðlum.


Nefndarmenn félagsþjónustunefndarinnar lýstu yfir verulegum áhyggjum af kostnaðaráhrifum þessara tillagna. Bent var á að kostnaður vegna hvers barns sem vistað er á meðferðarstofnun verður mjög íþyngjandi fyrir viðkomandi sveitarfélög og telur nefndin fráleitt að uppbygging nýrra úrræða á sviði barnaverndar leiði til þess að sveitarfélög fari að greiða fyrir meðferðarúrræði sem eru á ábyrgð ríkisins. Jafnframt verði að hafa í huga að ef vistheimili verða eingöngu byggð upp suðvestanlands verði barnaverndarnefndir að meta hvort það er viðkomandi barni fyrir bestu að vista það fjarri heimili sínu.

Áhersla er lögð á það af hálfu sveitarfélaga að teknar verði upp formlegar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um breytta verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu, eins og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað bent á að nauðsynlegt er að gera, áður en slíkar breytingar verða lögfestar.

Er þess því eindregið farið á leit við félags- og tryggingamálanefnd að fulltrúar sveitarfélaga verði kallaðir til fundar við nefndina til að ræða fjárhagsleg áhrif fyrirhugaðra verkaskipta og mögulegar leiðir til þess að tryggt verði að breytingar á verkaskiptingu geti farið fram í sátt beggja stjórnýslustiga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um fundargerð félagsþjónustunefndar á fundi sínum í dag og tók stjórnin undir framangreinda afstöðu nefndarinnar.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri